**Námsáætlun fyrir ensku - 6. bekkur**
**skólaárið 2023-2024**

**Kennari:** Bjarni Halldór Janusson, Karolina Kryspowicka-Lisinska
**Tímafjöldi:** 3 kennslustundir á viku

| **Námsþættir** | **Hæfniviðmið**<br>**Við lok 6. bekkjar getur nemandi:** | **Kennsluhættir/leiðir** | **Námsmat** |
|---|---|---|---|
| **Hlustun** | • Skilið einfalt og skýrt mál er varðar hann sjálfan og hans nánasta umhverfi og jafnframt fylgt meginþræði í einföldum frásögnum um kunnuglegt efni með stuðningi. | Nemendur hlusta á margvísleg verkefni og texta úr námsefni. | Hlustunarverkefni og aðrar kannanir. |
| **Lesskilningur** | • Lesið og skilið stutta texta með grunnorðaforða og jafnframt fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum almennum texta. | Textar lesnir þar sem nemendur læra nýjan orðaforða utan bókar. Nemendur vinna fjölbreytta texta í vinnubókum. Nemendur lesa og þýða mismunandi texta úr efninu. | Glósupróf og skilningskannanir. |
| **Samskipti & Frásögn** | • Sagt stutta sögu eða lesið upp eigin texta sem hann hefur haft tækifæri til að æfa sig með. | Nemendur ræða saman einfalda hluti á ensku úr námsefninu. Nemendur segja frá afmörkuðu efni á ensku. | Metið verður hvort nemandi taki virkan þátt í samræðum á enskri tungu. |
| **Ritun** | • Skrifað texta með orðaforða úr efnisflokkum og gátlista með stuðningi og jafnframt skrifað einföld skilaboð í almennum samskiptum. | Áhersla lögð á að efla grunnorðaforða og málfræði. | Verkefni og kannanir í tímum. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Menningarlæsi** | • Sýnt fram á að hann kunni skil á ýmsum þáttum sem snúa að daglegu lífi, svo sem fjölskyldu, skóla og frítíma og átti sig á því hvað sé líkt og ólíkt í því sem tíðkast í hans eigin menningu. | Nemendur kynnast menningarheimi enskumælandi landa í gegnum námsefnið. | Verkefnavinna í tengslum við efni. |
| **Sjálfstæði og samvinna** | • Unnið með öðrum og sýnt jákvæðni í samskiptum, komið fram við aðra af virðingu og kurteisi og jafnframt gert sér grein fyrir eigin hlutverki í samstarfi við aðra. | | |

**Námsgögn:**
Yes we can 6, Amazing Animals, Heroes, annað námsefni frá kennara o.s.frv.

**Lokanámsmat:**
Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið með þetta skólaár. Nemendur fá endurgjöf frá kennara um framgöngu í námi með fjórum hæfnitáknum og safna þannig á hæfnikort sitt. Í lok skólaárs verður hæfnin tekin saman og fá þá nemendur bókstafseinkunn, A, B+, B, C+, C , D.